

## Útfærsla að þörfum hvers skóla

Lengd þróunarvinnunnar fer eftir umfangi og aðstæðum. Hægt er að aðlaga ráðgjöf, fræðslu og stuðning við verkefnið að þörfum hvers skóla, kennara og foreldra. Til að verkefnið skili góðum árangri þarf að gera ráð fyrir vinnu við verkefnið í fjórar vikur, tvisvar sinnum á skólaárinu.

### Viðbrögð:

**Nemandi:** „Gaman, gaman, gaman að fá svona verkefni heim.“ (2009)

**Foreldri:** „Það er svo mikilvægt að tengja lestrarnám barnsins heim. ... Verkefnið er frábær leið til að auka áhuga barna á lestri og til að stuðla að sameiginlegum lestrarstundum fjölskyldunnar.“ (2009)

**Kennari:** „Nemendum fannst verkefnið skemmtilegt og voru bæði áhugasamir og spennir fyrir því.“ (2009)

Ef skólar hafa áhuga á kynningu á verkefninu eða þátttöku í þróunarstarfi vinsamlegast snúið ykkur til Ingibjargar Auðunsdóttur, sérfræðings á Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, netfang: [ingibj@unak.is](mailto:ingibj@unak.is), sími: 460 8580.

## Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri

Miðstöð skólaþróunar við HA veitir leik- og grunnskólum ráðgjafþjónustu um nám og kennslu.

### Áherslur:

- Námsþættir og árangur í námi
- Læsi
  - Byrjendalæsi
  - Orð af orði
  - Lesskilningur
  - Ritun
  - Fágæti og furðuverk
- Samstarf heimilis og skóla
- Einstaklingsmiðuð kennsla
- Námsmat
- Stærðfræði
- Kennsluþættir
- Samfella í starfi leik- og grunnskóla 5, að verða 6. Nýr skóli, sama barn.

### Forstöðumaður:

Birna Svanbjörnsdóttir – [birnas@unak.is](mailto:birnas@unak.is)  
Sími: 460 8579

### Sérfræðingar:

Guðmundur Engilbertsson – [ge@unak.is](mailto:ge@unak.is)  
Ingibjörg Auðunsdóttir – [ingibj@unak.is](mailto:ingibj@unak.is)  
Jenný Gunnbjörnsdóttir – [jennyg@unak.is](mailto:jennyg@unak.is)  
Rósa Eggertsdóttir – [rosa@unak.is](mailto:rosa@unak.is)  
Þóra Rósa Geirsdóttir – [thgeirs@unak.is](mailto:thgeirs@unak.is)

Háskólinn á Akureyri - Miðstöð skólaþróunar  
Sólborg v/Norðurslóð, 600 Akureyri  
Sími HA 460 8000  
<http://www.unak.is/>

Miðstöð skólaþróunar við  
Háskólann á Akureyri

## Fágæti og furðuverk

### Lestrarhvetjandi verkefni



Háskólinn  
á Akureyri

**Læsi** er grunnur að námi og menntun og hefur áhrif á lífsgæði í nútíma þjóðfélagi. Fyrir hvern og einn einstakling skiptir gott vald á læsi sköpum. Það er því grundvallaratriði að lögð sé rækt við læsi á öllum stigum menntakerfisins.

## Bakgrunnur


### Staða drengja

#### varðandi læsi

Niðurstöður úr samræmdum prófum hér á landi og alþjóðlegum samanburðarkönnunum benda á nauðsyn þess að efla læsi meðal íslenskra drengja. Lengi hefur legið fyrir að stúlkur standa drengjum framar í læsi. Þó fer læsi stúlkna einnig hrakandi.



Niðurstöður þriggja alþjóðlegra rannsókna, PISA 2000, 2003 og 2006, sýna að lesskilningi drengja og stúlkna hrakar. Stúlkur voru þó öll þrjú árin, fyrir ofan meðallag en íslenskir drengir voru fyrir neðan meðallag öll árin, slakastir á síðasta prófinu 2006 (sjá mynd) (Almar M. Halldórsson o.fl., 2007).



Mynd 7.1. Kynjamunur í lesskilningi í PISA 2000, 2003 og 2006.

## Hvers vegna Fágæti og furðuverk?

Fyrir liggur nauðsyn þess að efla læsi meðal íslenskra drengja. Verkefnið *Fágæti og furðuverk* hefur að markmiði að efla lestraráhuga nemenda, sérstaklega drengja, sem annað hvort eiga erfitt með lestur eða eru áhugalausir um hann.

### Hvað er

#### Fágæti og furðuverk?

*Fágæti og furðuverk* byggir á því að skólinn komi sér upp bekkjarsetti fyrir eina bekkjardeild (30 bakpokum) sem hefur að geyma bækur, tímarit og fylgihluti fyrir nemendur í 4. bekk. Lagt er upp úr því að efnið tengist áhugasviði nemenda, ekki síst drengja.



Með *Fágæti og furðuverki* eru foreldrar virkjaðir, einkum fedur eða karlkyns einstaklingar, til að lesa með börnunum heima og skapa þannig jákvæða lestrarfyrirmynd.

Nemendur taka vikulega heim bakpoka til að vinna með í samvinnu við fjölskyldu sína. Mælt er með fjórum vikum í senn, tvisvar sinnum yfir skólaárið.



Þótt verkefnið beinist að drengjum og áhugamálum þeirra er mikilvægt að stelpur eigi einnig kost á að njóta efnisins.



## Stuðningur og vinnulag

### Ráðgjafi:

- \* Heldur námskeið með nemendum, foreldrum og kennurum.
- \* Vinnur með foreldrafélagi skólans og kennurum.
- \* Leggur til framkvæmdaáætlun.
- \* Leggur til efni sem til þarf (bekkjarsett af bakpokum, skráningarblöð, samskiptabækur, matsgögn o.fl.).
- \* Veitir ráðgjöf og handleiðslu.

### Foreldrar/kennarar:

- \* Koma sér upp bekkjarsetti af F&F sem hægt er að nýta, t.d. með 4. bekk á hvert.
- \* Læra vinnuaðferðir sem hvetja nemendur til lestrar.
- \* Halda verkefniinu í sameiningu gangandi.
- \* Ígrunda og meta verkefnið ásamt ráðgjafa.